


Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Finndís Kristinsdóttir
fiðluleikari
og
Vilhelmína Ólafsdóttir
píanóleikari



þriðjudaginn 2. júlí 1991 kl. 20:30

Finndís Kristinsdóttir (f.1969) hóf nám hjá Inga Gröndal við Tónlistarskólann á Akranesi en fluttist til Svíþjóðar 1979 og hélt áfram námi þar. Meðal kennara hennar voru Lars Jöneteg og Ingvar Jónasson, ásamt prófessor Harald Thedeen við Tónlistarháskólann í Stokkhólmi. Síðastliðinn veturna stundaði hún nám hjá Bijan Khademmissagh við Matthias Hauer konservatorfið í Vínarborg. Árið 1987 hóf hún nám við einleikarabraut Tónlistarháskólans í Stokkhólmi þar sem prófessor Leo Berlin var aðalkennari hennar og mun hún ljúka einleikaraprófi þaðan að ári. Finndís er nýráðin sem fyrsti konsertmeistari við sinfóníuhljómsveitina í Gävle í Svíþjóð og mun vera yngsti konsertmeistari þar í landi. Hún hefur leikið einleik með hljómsveitum á tónleikum í Svíþjóð og Austurríki og einnig komið þar fram í útvarpi og sjónvarpi. Hún leikur nú í fyrsta sinn opinberlega á Íslandi.

Vilhelmína Ólafsdóttir starfar sem undirleikari og píanó-kennari við Nýja Tónlistarskólann í Reykjavík.

Efnisskrá

Johannes Brahms	Scherzo úr FAE sónötunni
Claude Debussy	Sonata
Ludwig v. Beethoven	Sonata nr. 7 í c-moll
Camille Saint-Saëns	Introduction og Rondo Capriccioso